

AUGLÝSING

um breytingu á fjallskilasamþykkt nr. 174/1992 fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Við 1. gr. verði bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:
Mýrdalshreppur skiptist í tvær fjallskiladeildir og eru mörk þeirra um Hafursá og Klifandaá.

2. gr.

Við 16. gr. verði bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:
Fjallskilakostnaði í Mýrdalshreppi skal jafnað niður í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings (60%) og landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda (40%).

3. gr.

Í 17. gr. verði felld úr 2. málsl. orðin „sem lögð eru á eftir fjártölu“.

Auglýsing þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson

25. ágúst 1997

Nr. 525

REGLUR

um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna.

1. gr.

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálms við hjólreiðar.

2. gr.

Barni er ekki skylt að nota hlífðarhjálms við hjólreiðar ef það hefur fengið læknisvottorð, sem undanþiggur það notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

3. gr.

Lögregla skal vekja athygli barna á skyldu skv. 1. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 72. gr. a. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. október 1997 og gilda til 1. október 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. ágúst 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

Stjórnartíðindi B 71, nr. 522–525. Útgáfudagur 1. september 1997.

Endurprentað blað.